

Fundargerð 126. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 6. desember 2017, kl. 09.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, Advania, kom inn á fundinn undir lið nr. 2.

Sigurgestur Guðlaugsson, Kadeco, kom inn á fundinn undir lið nr. 3.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Advania – beiðni um lóð.*

Eyjólfur Magnús Kristinsson frá Advania kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti áform Advania um áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins á Fitjum og nýtingu lóðarinnar að Sjónarhóli 4 sem félagið óskaði eftir að fá úthlutaða í september 2017.

Stjórn þakkaði kynninguna og vék Eyjólfur af fundi.

3. *Byggingarréttur.*

Sigurgestur Guðlaugsson, Kadeco, kom inn á fundinn undir þessum lið. Kynnt var fyrir stjórn samanburður á gatnagerðargjaldi og byggingarréttargjaldi iðnaðar- og íbúðarhúsalóða sveitarfélaga á suðvestur horni landsins.

Stjórn þakkaði kynninguna.

4. *Advania - beiðni um lóð, framhald.*

Framkvæmdastjóri fór yfir beiðni Advania um lóð að Sjónarhóli 4 sem rædd hafði verið á fyrri fundum stjórnar. Stjórn ákvað að úthluta lóðinni að Sjónarhóli 4 til Advania með skilyrðum.

5. *Málefni Keilis.*

Stjórnarformaður kynnti fyrir stjórn málefni Keilis og fund sinn með ráðgjafafyrirtækinu Centra. Stjórn þakkaði yfirferðina og óskaði eftir frekari upplýsingum.

6. *Kauptilboð í Valhallarbraut 891 og Suðurbraut 890.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn kauptilboð frá Sverri Sverrissyni hf. í Valhallarbraut 891 og Suðurbraut 890. Stjórn frestaði málinu til næsta stjórnarfundar.

7. *Önnur mál.*

Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn í janúar 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.

Stemmu Sjávallad.
Halstein S. Húls
Lea Þórunn